

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.06.2018
Málalýkill	9.22
Mál nr.	1706017



BARNAVERNDARSTOFA

Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆR

Reykjavík, 4. júní 2018
Tilvísun : 2015060032/011

Efni: Beiðni um viðræður um lóð fyrir meðferðarheimili.

Barnaverndarstofa vísar til fyrri samskipta vegna fyrirhugaðrar byggingar á nýju meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu sem til stendur að koma á fót. Fyrirhugað er að reisa u.þ.b. 1000 fm byggingu undir meðferðarheimili með 6-8 plássum fyrir unglinga á aldrinum 15-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda. Starfsemin yrði því með svipuðum hætti á verið hefur á Stuðlum í Grafarvogi frá árinu 1997 en þar hefur lítil sem engin truflun orðið í nánasta umhverfi. Munurinn er reyndar sá að í tilfelli nýja meðferðarheimilisins er um lengri vistunartíma að ræða sem þýðir meiri stöðugleiki og minni lýkur á truflun í nánasta umhverfi. Áætlaður dvalartími á meðferðarheimilinu er 6-9 mánuðir og eftir að vistun lýkur er umfangsmikil eftirfylgd/eftirmeðferð í allt að 6 mánuði. Gert er ráð fyrir að um 25-30 manns sinni sérfræðistörfum og vaktavinnu við heimilið.

Mikilvægt er nánasta umhverfi sé hlýlegt og aðlaðandi en um leið sé hægt að tryggja nauðsynlegt öryggi, friðhelgi og vernd. Því er nauðsynlegt að gæta ákveðinnna skilyrða við ákvörðun um stærð lóðar og ekki síður eiginleika svæðisins umhverfis heimilið. Gera ráð fyrir því að lóðin gæti þurft að vera allt að hektari að stærð, einnig með tilliti til mögulegra viðbygginga til framtíðar, en þörfin fyrir stærð lóðar ræðst þó að miklu leyti af því hvernig lóðin afmarkast af auðum svæðum sem ekki verða byggð í framtíðinni.

Barnaverndarstofa hefur farið yfir yfir þá kosti sem kynntir voru óformlega á fundi þann 10. apríl sl. og er stofan mjög spennt fyrir hugsanlegum lóðakostum á svæðinu vestan við Kjóavelli. Óskar stofan eftir því að Garðabær skoði hvort áhugi sé fyrir því að fara í formlega skoðun á lóð á því svæði. Barnaverndarstofu þætti því vænt um ef hægt væri að taka málið til skoðunar í Garðabæ við fyrsta tækifæri m.t.t. slíkra samræðna.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Palmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026